

Jóhannes Viðar Bjarnason
Hliði
225 Álfanesi

Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags.	01.12.2017
Málalýkill	11.30
Mál nr.	1712009

Reykjavík 24. nóvember 2017
UST201711-095/E.B.S.
09.07.00

Efni: Framkvæmdir innan friðlýsts svæðis

Umhverfisstofnun hefur til athugunar mál er varðar meintar ólögmætar framkvæmdir og óheimila losun rusls innan fólkvangsins Hliðs á Álfanesi. Landverðir Umhverfisstofnunar sem voru við eftirlit með fólkvanginum Hlið þann 10. nóvember 2017 urðu varir við meintar ólögmætar framkvæmdir innan fólkvangsins og óheimila losun rusls.

Hlið var friðlýst sem fólkvangur árið 2002 samkvæmt auglýsingu um friðlýsinguna í Stjórnartíðindum B, nr. 549/2002.

Um fólkvanginn gilda eftirfarandi reglur:

1. Almennings er heimil för um svæðið í lögmætum tilgangi enda sé góðrar umgengni gætt.
2. Mannvirkjagerð og aðrar breytingar á landi eru háðar leyfi sveitarstjórnar [Garðabæjar] og Umhverfisstofnunar.
3. Bygging og viðhald sjóvarnargarða á vegum sveitarfélagsins og [Samgöngustofu] er heimil.
4. Fuglaveiðar og eggjataka í fólkvanginum eru óheimilar svo og meðferð skotvopna.
5. Sveitarstjórn [Garðabæjar] getur þó veitt heimild til þess að verja fuglalíf fólkvangsins, t.d. vegna minks, en ávallt í samræmi við lög nr. 64/1994.
6. Umferð vélknúinna farartækja er aðeins heimiluð á skipulagðri götu og vegslóða innan fólkvangsins. Einnig meðfram sjávarkambi vegna verkefna á vegum sveitarfélagsins, svo sem vegna 3. tl.
7. Losun jarðefna, rusls og sorps er óheimil í fólkvanginu. Losun jarðefna til byggingar og viðhalds sjóvarnargarða sbr. 3. tl. er heimil.
8. Efnistaka á sjávarbotni innan netlaga er óheimil nema að fengnu leyfi sveitarstjórnar [Garðabæjar] og Umhverfisstofnunar.
9. Sveitarstjórn [Garðabæjar] mun, að höfðu samráði við Umhverfisstofnun, framkvæma nauðsynlegar aðgerðir til að almenningur geti notið hins friðlýsta svæðis, svo sem með lagningu göngustíga og uppsetningu fræðsluskilta þar sem því verður við komið.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í eftirlitsferð landvarða um svæðið voru gerðar gps mælingar á mörkum lóðar Hliðsvegar 1 og fólkvangsins. Við þær athugandir kom í ljós að búið væri að reisa tvær byggingar á lóð Hliðsvegar 1 sem ná inn í fólkvangin Hlið. Jafnframt var búið að grafa grunn fyrir þriðju bygginguna sem nær inn í mörk fólkvangsins. Rotþró sem tilheyrir starfsemi Hliðsvegar 1 var grafin innan marka fólkvagnsins auk þess sem þar hefur ýmsum munum og rusli verið dreift umhverfis lóðinna innan fólkvangsmarkana og þar settir upp snúrastaurar.

Ekki hefur verið sótt um leyfi til Umhverfisstofnunar fyrir ofangreindum framkvæmdum innan fólkvangsins.

Í 1. mgr. 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, er kveðið á um að Umhverfisstofnun geti beint áskorun til aðila um að láta af ólögumætri athöfn eða athafnaleysi ef brotið er gegn fyrirmælum laganna eða stjórnsvaldsfyrirmæla sem sett eru á grundvelli þeirra. Rétt er að geta þess að ef aðili verður ekki við áskorun Umhverfisstofnunar innan tiltekins frests getur stofnunin ákveðið dagsektir, allt að 500.000 kr., þar til úr er bætt. Eins er stofnuninni heimilt, skv. 2. mgr. 88. gr. laganna, að stöðva framkvæmdir og athafnir sem brjóta gegn lögum þessum ef áskorun skv. 1. mgr. 87. gr. er ekki sinnt.

Áður en til skoðunar kemur að senda áskorun í máli þessu telur Umhverfisstofnun rétt að kanna afstöðu og athugasemdir framkvæmdaaðila til framangreindrar atvikaýsingar. Frestur er ákveðinn 7 dagar frá dagsetningu bréfs þessa. Athugasemdir skulu sendar Umhverfisstofnun, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík eða á netfang stofnunarinnar ust@ust.is. Ef einhverjar spurningar vakna er velkomið að hafa samband við starfsmenn stofnunarinnar í síma 591-2000.



Agnar Bragi Bragason
teymisstjóri

Virðingarfyllst,



Eva B. Sólán Hannesdóttir
lögfræðingur

Afrit: Bæjarstjórn Garðabæjar